



Fréttatilkynning  
25 July 2023 13:57:00 GMT

## Íslandsbanki hf.: Frambjóðendur til stjórnar á hluthafafundi 28. júlí 2023

Stjórn Íslandsbanka hf. boðaði til hluthafafundar bankans með tilkynningu 2. júlí 2023. Fundurinn verður haldinn föstudaginn 28. júlí 2023, kl. 11:00, í fundarsalnum Gullteig á Grand hótél Reykjavík, Sigtúni 28, 105 Reykjavík, þar sem stjórnarkjör er á dagskrá. Framboðsfrestur vegna stjórnarkjörs er liðinn.

Eftirfarandi framboð bárust innan tilskilins frests:

Framboð til aðalstjórnar:

- Agnar Tómas Möller
- Anna Þórðardóttir
- Ásgeir Brynjar Torfason
- Elín Jóhannesdóttir
- Frosti Ólafsson
- Frosti Sigurjónsson
- Haukur Örn Birgisson
- Helga Hlín Hákonardóttir
- Linda Jónsdóttir, sem formaður stjórnar
- Stefán Pétursson
- Valgerður Skúladóttir

Framboð til varastjórnar:

- Herdís Gunnarsdóttir
- Páll Grétar Steingrímsson

Eins og fram kom í tilkynningu dags. 18. júlí 2023 frá tilnefningarnefnd Íslandsbanka voru eftirfarandi einstaklingar tilnefndir til kjörs í stjórn bankans samkvæmt tillögu stjórnar Bankasýslu ríkisins:

- Anna Þórðardóttir, stjórnarmaður
- Agnar Tómas Möller, stjórnarmaður
- Haukur Örn Birgisson, stjórnarmaður
- Herdís Gunnarsdóttir, varastjórn

Þá tilnefnir tilnefningarnefnd bankans eftirfarandi einstaklinga til stjórnar bankans:

- Linda Jónsdóttir, stjórnarmaður
- Frosti Ólafsson, stjórnarmaður
- Stefán Pétursson, stjórnarmaður
- Valgerður Skúladóttir, stjórnarmaður
- Páll Grétar Steingrímsson, varastjórn



Fréttatilkynning  
25 July 2023 13:57:00 GMT

Tilnefningarnefnd, í samráði við stjórn Bankasýslu ríkisins, leggur jafnframt til að Linda Jónsdóttir verði kjörin formaður stjórnar.

Nánari upplýsingar um frambjóðendur má finna á [heimasíðu](#) bankans.

Samkvæmt grein 4.4. í samþykktum Íslandsbanka skal kosning stjórnar framkvæmd sem margfeldiskosning milli einstaklinga, sbr. c lið 6. mgr. 63. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Hlekkur á beint streymi frá hluthafafundinum verður aðgengilegur á [vef bankans](#). Ekki verður unnt að taka þátt í fundinum, eða greiða atkvæði, í gegnum það streymi. Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á því að sækja fundinn, hvort sem er rafrænt eða á staðnum, eru beðnir um að skrá sig á heimasíðunni <https://www.lumiconnect.com/meeting/islandsbanki2023egm>, eigi síðar en kl. 16:00 þann 27. júlí 2023.

#### **Viðhengi**

[Íslandsbanki hf.: Frambjóðendur til stjórnar á hluthafafundi 28. júlí 2023](#)